

FUNDARGERÐ

Árið 2018, föstudaginn 24. ágúst kl. 12:15, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Hrafnkeli Hjörleifssyni og Gústav Aron Gústavssyni sem ritaði fundargerð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 19. júní 2018

Lögð var fram fundargerð frá 19. júní 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 19. júní 2018 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2018

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu uppfærð drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2018 á grundvelli upplýsinga um áætlaðar tekjur ríkis og sveitarfélaga.

Helstu breytingar frá fyrri greiðslu- og rekstraráætlun er að framlag vegna sameiningar hefur verið hækkað úr 250 m.kr. í 400 m.kr. og framlag vegna fjárhagserfiðleika hefur verið lækkað úr 150 m.kr. í 75 m.kr.

Uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun árið 2018 var samþykkt.

3. Sameining sveitarfélaga

Sameining Fjarðarbyggðar og Breiðdalshrepps – Greiðsluáætlun

Lögð var fram tillaga að greiðsluáætlun vegna sameiningar Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps. Heildarupphæð framlagsins nemur um 614 m.kr. og gert er ráð fyrir að upphæðinni verði dreift yfir fimm ára tímabil sem nær yfir árin 2018-2022.

Greiðsluáætlun vegna sameiningar Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps var samþykkt.

Sameining Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs – Greiðsluáætlun

Lögð var fram tillaga að greiðsluáætlun vegna sameiningar Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs ásamt kostnaðaráætlun. Heildarupphæð framlagsins nemur um 400,2 m.kr. og gert er ráð fyrir að upphæðinni verði dreift yfir fimm ára tímabil sem nær yfir árin 2018-2022.

Greiðsluáætlun vegna sameiningar Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs var samþykkt.

4. Umsókn um framlag íþyngjandi kostnað við sveitarstjórnarkosninga

Beiðni um framlag – Árneshreppur

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. ágúst 2018, og umsókn Árneshrepps, dags. 12. ágúst 2018, um sérstakt framlag vegna aukakostnað við sveitarstjórnarkosningar 2018.

Í bréfi Árneshrepps kemur fram að aukaútgjöld upp á um 2,6 m.kr. féllu til vegna sveitarstjórnakosninganna í vor. Þau eru tilkomin vegna lögfræðiaðstoða við flóknar aðstæður, aukafundi hreppsnefndar og kjörstjórnar og ekki síst vegna vinnu kærunefndar. Allur þessi kostnaður er vegna ytri aðstæðna og falla ekki undir venjubundin störf, hvorki hreppsnefndar né kjörstjórnar. Fyrir sveitarfélag sem aðeins telur 47 íbúa er þetta mikill fjárhagslegur baggi.

Nefndin samþykkti að veita Árneshreppi framlag að fjárhæð 2.615.286 kr. á grundvelli b. liðar 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

Yfirlýsing á málefnum fatlaðs fólks

5. Ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga

Kynningarfundur – umsókn um styrk frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. ágúst 2018, og umsókn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 22. ágúst 2018, um framlag úr jöfnunarsjóði til þess að halda umræðu- og upplýsingafundi.

Óskað er eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði til að halda tvo viðburði. Annars vegar umræðu- og upplýsingafund um innleiðingu nýrra og breyttra laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og hins vegar málþing um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Áætlað er að hlutur Sambandsins sé 625 þús.kr.

Nefndin samþykkir að veita framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga að fjárhæð 625 þús.kr. á grundvelli 4. gr. reglugerðar nr. 320/2018 um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018.

6. Almenn framlög vegna málefna fatlaðs fólks

Breyttar aðferðir við útreikninga framlaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. ágúst 2018, ásamt greinargerð um nýjar aðferðir við útreikning almennra framlaga vegna fatlaðs fólks.

Ákveðið var að halda áfram umræðu á næstu fundum nefndarinnar.

7. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Beiðni um framlaga frá Akureyrarkaupstað

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 17. ágúst 2018, ásamt bréfi frá Akureyrarkaupstaðar, dags. 16. ágúst 2018, með frekari upplýsingum varðandi umsókn sveitarfélagsins um framlag úr Fasteignasjóði.

Á fundi Ráðgjafarnefndar 19. júní sl. var tekin fyrir umsókn Akureyrarkaupstaðar um framlag úr Fasteignasjóði á grundvelli c. liðar 2. gr. rgl. 460/2018 vegna breytinga og/eða kaupa á húsnæði fyrir foreldra fatlaðs barns. Ákveðið var þá að óska eftir frekari upplýsingum um málið sem nú hafa borist.

Nefndin gerði athugasemd við að skortur væri á beinni aðkomu sveitarfélagsins að málinu og umræða var um hvort að ráðstöfun framlagsins með þeim hætti sem lagt er til í umsókninni félli

almennilega undir reglugerðina. Ákveðið var að fela starfsmanni Jöfnunarsjóðs að afla frekari upplýsinga um málið og að húsnaðið yrði skoðað.

8. Rannsóknarsetur um sveitarstjórnarmál

Umsókn frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu

Lagt var fram minnisblað, dags. 21. ágúst 2018, og bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 10. ágúst 2018, þar sem sótt er um framlag til uppbyggingar á rannsóknarsetri um sveitarstjórnarmál.

Fram kom að Háskóli Íslands hafi leitaði til ráðuneytisins varðandi stuðning við uppbyggingu á rannsóknarsetri um sveitarstjórnarmál og þéttbýlisfræða sem staðsett yrði í aðstöðu skólans á Laugarvatni. Um tilraunaverkefni yrði að ræða til þriggja ára og er óskað eftir stuðningi frá ráðuneytinu fyrir árlegri fjárhæð sem næmi 12 m.kr. Sótt er um að Jöfnunarsjóður taki þátt og hlutur sjóðsins yrði 4 m.kr. á ári eða 12 m.kr. yfir allt tímabilið.

Meirihluti nefndarinnar samþykkti framlag til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna uppbyggingar á rannsóknarsetri um sveitarstjórnarmál á Laugarvatni á grundvelli f. liðar 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010.. Árlegt framlag verður 4 m.kr. til þriggja ára.

9. Sóknaráætlanir

Greinargerðir frá landshlutasamtökum

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. ágúst 2018 og greinargerðir frá öllum átta landshlutasamtökunum um verkefnalýsingu og kostnaðaráætlun verkefna.

Fram kemur í minnisblaðinu að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs hafi á fundi sínum þann 25. janúar 2018 samþykkt tillögu um að ráðstafa 38 m.kr. á árinu 2018 til að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna í verkefni tengd sóknaráætlun.

Eftir að nefndin hafi yfirfarið greinargerðir landshlutasamtakanna samþykkti nefndin að veita 38 m.kr. til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna framlaga til sérstakra verkefna skv. heimild í f. lið 7.gr., sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

10. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Hótel Nordica – 10. október

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs sagði frá fyrirhuguðum ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldin verður á Hótel Nordica þann 10. október næstkomandi. Rætt var um væntanlega dagskrá og ákveðið var að halda þeirri umræðu áfram á næsta fundi.

11. Önnur mál

Ákveðið var að næsti fundur ráðgjafarnefndar yrði 21. september kl. 12:15

Jafnframt var ákveðið að næstu fundir þar á eftir yrðu 10. október kl. 10:00 og síðan 23 október kl. 12:15

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 15:00.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson